

**❖ LÖG FORELDRAFÉLAGS  
❖ SANDGERDISSKÓLA**

**❖ 1.GR.**

- ◆ Félagið heitir Foreldrafélag Sandgerðisskóla.
- ◆ Skammstafað FFS

**❖ 2.GR.**

- ❖ Markmið félagsins er að vinna að velferð barna og unglunga í skólanum, sem og góðu foreldrasamstarfi í samvinnu við skóla.
  - ❖ Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því:
- ❖ Að skipuleggja fræðslufundi af hinum ýmsu málefnum er varðar börn, unglunga og foreldra þeirra.
- ❖ Að veita skólanum aðstoð í starfi eftir því sem þurfa þykir og styðja menningarlíf innan skólans.
- ❖ Hafa samstarf við stjórnendur, kennara og starfsmenn skólans og aðra þá aðila sem tengjast málefnum barna og unglunga.
- ❖ Skipuleggja og þróa leiðir til að efla samstarf heimila og skóla.
- ❖ Standa fyrir upplýsingamiðlun til foreldra, m.a. með útgáfu fréttabréfs og virkri heimasíðu.

**❖ 3.GR.**

- ❖ Félagar teljast allir forráðamenn nemenda skólans.

**❖ 4.GR.**

- ❖ Stjórn félagsins er skipuð fimm til sjö foreldrum sem kosnir eru til tveggja ára hið minnsta. Formaður er kosinn sérstaklega. Skulu tveir til þrír stjórnarmanna kosnir annað árið og þrír til fjórir hitt, eftir því hve stjórnendur eru margir. Stjórnin skiptir með sér verkum.

❖ 5.GR.

- ❖ Félagsstjórn skal ekki sinna klögumálum eða hafa afskipti af vandamálum er upp kunna að koma milli einstakra foreldra og starfsmanna skólans.

▪ 6.GR.

- ❖ Aðalfundur skal haldinn ekki seinna er 1.nóv ár hvert. Stjórnin boðar til fundarins með minnst viku fyrirvara. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað. Í fundarboðum skal kynna efni fundarins.
  - ❖ Kosning fundarstjóra og fundarritara
    - ❖ Skýrsla stjórnar
    - ❖ Lagabreytingar
  - ❖ Reikningar lagðir fram til samþykktar
  - ❖ Kosning formanns foreldrafélags og annarra stjórnarmanna
    - ❖ Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
      - ❖ Kosning fulltrúa í foreldraráð
      - ❖ Önnur mál

▪ 7.GR.

- Lögum þessum má breyta með einföldum meirihluta á aðalfundi, enda sé lagabreytinga getið i fundarboði.

▪ 8.GR.

- Ákvörðun um slit félagsins verður tekin með einföldum meirihluta á stjórnarfundi og renna þá eignir þess til skólans.

▪ 9.GR.

- Stjórn foreldrafélagsins er heimilt að óska eftir því að foreldrar greiði framlag til félagsins. Þetta framlag er innheimt árlega og ákveðið á aðalfundi.

❖ Suðurnesjabær 1.okt 2019